

**Titill áfanga:** Rómantík og hryllingur

**Nafn áfanga:** ÍSLE3CV05

**Námsgrein:** Íslenska

**Prep:** 3

**Einingafjöldi:** 5

**Forkröfur:** ÍSLE2BB05/ÍSLEAB10

### **Lýsing á efni áfangans:**

Í áfanganum er lesnir textar frá 19. og 20. öld og fræðst um gotnesku skáldsöguna sem fjallar oftast en ekki um hið óræða og myrka í mannsálinni. Lesin verða skáldverk og brot úr skáldverkum eftir helstu hryllingshöfundum, erlenda sem íslenska. Skoðað er hvernig hryllingur og ástríða birtist í dægurmenningu 21. aldar.

Meðal höfunda sem litið er til í áfanganum eru: Edgar Allan Poe, Bram Stoker, Jónas Hallgrímsson, Mary Shelley, Oscar Wilde, Anna Rice, Stephen King, Svava Jakobsdóttir, Steinar Bragi og Yrsa. Kvikmyndir Tim Burton verða til umræðu og textar hljómsveita á borð við The Cure og tónlistarmannsins Nick Cave.

### **Þekkingarviðmið:**

**Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- Nemandi á að hafa öðlast þekkingu á birtingarmynd rómantísku stefnunnar í frægum skáldsögum frá 19. öld og gotneskum áhrifum í textanum.
- Nemandi á að geta sett upp ákveðin gleraugu við lestur bókmennta frá mismunandi tímabilum og greint frá gotneskum einkennum textans.
- Nemandi á að geta beitt hugtökum úr gotnesku skáldsögunni á dæguþefni í samtímanum.

### **Leikniviðmið:**

**Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:**

- Nemandi á að geta miðlað þekkingu sinni á þeim viðfangsefnum sem til umræðu eru með mismunandi aðferðum.
- Nemandi á að geta tekið þátt í umræðu um lesefnið og fært rök fyrir máli sínu.
- Nemandi þarf að geta komið þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti.

**Hæfniviðmið:**

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta tekið virkan þátt í umræðu um efni áfangans, lagt til umræðuefni, fært rök fyrir máli sínu, tekið gagnrýni og gagnrýnt aðra.
- Geta vísað í ákveðið lesefni og rökstutt hvers vegna og hvernig einkenni gotnesku skáldsögunnar kemur fram.
- Geta lesið fræðilegt efni um rómantísku stefnuna í bókmenntum og um einkenni gotnesku skáldsögunnar.

**Námsmat:**

Ekkert lokapróf er í áfanganum, krafist er mætingar, virkrar þátttöku og verkefnaskila.